

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Ás 3, III-2 land, L204647, Reykás.

Innan skipulagssvæðis er afmörkuð ný 2,21 ha íbúðarhúsalóð auk byggingarreits. Lóðin fær staðfangið Reykás. Land Hestáss (áður Ás 3, III-2 land) verður 12,68 ha eftir landskipti auk þess sem afmarkaður er nýr byggingarreitur innan þess. Innan byggingarreita er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 300 m² íbúðarhús á tveimur hæðum, allt að 600 m² úti-hús/skemmu á einni hæð og allt að 100 m² gestahús á einni hæð.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. júní 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. október 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. nóvember 2020